

Ágóða af sölu K-lykils verður varið til endurbóta á nýju húsnæði Geðhjálpar

Geðhjálp afhent Túngata sjö að gjöf frá ríkinu

GEÐHJÁLP, félagasamtök fólks með geðsjúkdóma, aðstandendur þeirra og áhugafólk um geðheilbrigðismál, hefur fengið nýtt húsnæði að gjöf frá ríkinu fyrir starfsemi sína við Túngötu 7. Áætlaður kostnaður við endurbætur á húsinu er 20-30 millj. og mun Kiwanis-hreyfingin verja öllum ágóða af sölu K-lykilsins, sem seldur verður dagana 8.-10 október nk. til endurbótanna.

Túngata 7 er um 540 fermetrar að stærð. Húsið teiknaði Einar Erlendsson, arkitekt, en Gísli J. Johnsen konsúll byggði húsið á árunum 1946-47. Ríkið eignaðist húsið við lát Önnu E.Ó. Johnsen, síðari konu Gísla, sem gaf það í minningu hans. Við lát hennar átti heilbrigðisyfirvöldum að afhendast húsið til ráðstöfunar. Ríkis-

sjóður hefur nú afhent Geðhjálp húsið til eignar og þar með hefur Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra eftir loforð sem gefið var á alþjóða geðheilbrigðisdeginum fyrir ári.

Í frétt frá samtökunum kemur fram að félagið hafi frá upphafi rekið félagsmiðstöð og skrifstofu og lagt ríka áherslu á fræðslustarf með útgáfustarfsemi, fræðslufundum, námskeiðum og sjálfshjálparhópum. Auk þess hafa samtökin frá 1994 annast lögboðna þjónustu við 30 manns með langvinna geðsjúkdóma í kjölfar þjónustusamnings við félagsmálaráðuneytið og Svæðisskrifstofu fatlaða. Síðastliðið vor var einnig gerður þjónustusamningur við Félagsmálastofnun Reykjavíkur um



Morgunblaðið/Árni Saeborg

INGIBJÖRG Pálmadóttir heilbrigðisráðherra og Páll Pétursson félagsmálaráðherra tóku til hendinni þegar Túngata 7 var formlega afhent Geðhjálp og fjarlægðu málningu og veggfóður af einum vegg.

liðveislur og félagslega heimaþjónustu við geðfatlaða.

Gert er ráð fyrir að í nýju húsa-kynnum við Túngötu verði öflug starfsemi með félagsmiðstöð, mótuneyti, vinnustofu, skrifstofu,

verkstæði, listasmiðju auk aðstöðu til iðjuþjálfunar, kennslu, námskeiða- og fundahalda. Einnig verða innréttuð herbergi sem m.a. eru ætluð fólki utan af landi sem dvelja þarf í borginni vegna geðrænna veikinda.